



Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík

Dagsetning **16. febrúar 2024**
Málsnúmer FJR24020051

Beiðni um endurskoðun ákvörðunar óbyggðanefndar um tilhögun málsmeðferðar á svæði 12, eyjar og sker

Með bréfi óbyggðanefndar dags. 14. mars 2023 var leitað eftir afstöðu fjármála- og efnahagsráðherra til þess hvort hagræði þætti að því að viðhafa viðbótarþrep skv. 10. gr. a í lögum nr. 58/1998 við málsmeðferð svæðis 12.

Í svari fjármála- og efnahagsráðherra dags. 27. mars 2023 var lagt til að sú heimild yrði nýtt með vísan til þeirra markmiða um setningu ákvæðisins er fram komu í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 34/2020, þ.e. að bregðast við fyrirsjáanlegu umfangi gagnaöflunar og gera hana markvissari, og að fá strax í upphafi fram upplýsingar um hvar talið sé til eignarréttinda á eyjum og skerjum, m.a. með það í huga að ríkið geti tekið mið af þeim upplýsingum við mótun kröfugerðar sinnar.

Með tilkynningu óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 19. apríl 2023, um að nefndin hefði tekið til meðferðar svæði 12, eyjar og sker, og ráðherra, f.h. íslenska ríkisins, gefinn kostur á að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu innan tiltekins tíma. Kröfum f.h. íslenska ríkisins á svæðinu var skilað 2. febrúar 2024.

Fjármála- og efnahagsráðherra telur að betur hefði farið á því að óbyggðanefnd hefði nýtt þá heimild til þess að viðhafa það viðbótarþrep, sem heimild er veitt til í 10. gr. a þjóðlendulaga og ráðherra lagði til. Þeim sem kalla til eignarréttinda á svæðinu hefði þá verið gefinn kostur á að lýsa kröfum sínum til óbyggðanefndar, í stað þess að íslenska ríkinu hafi í raun verið sú eina leið fær að beita útilokunaraðferð við gerð kröfugerðar vegna umfangs svæðisins og takmarkaðra upplýsinga um hugsanleg eignarréttindi. Þannig hefði að mati fjármála- og efnahagsráðherra hugsanlega verið hægt að fækka ágreiningssvæðum til muna.

Með vísan til framangreinds fer fjármála- og efnahagsráðherra þess á leit við óbyggðanefnd að nefndin endurskoði ákvörðun sína um að beita ekki heimild til þess að viðhafa viðbótarþrep í 10. gr. a þjóðlendulaga.

Leiði sú endurskoðun til þess að óbyggðanefnd ákveði að beita heimild til viðbótarþreps skv. 10. gr. a, er rétt að óbyggðanefnd afturkalli þá fyrri ákvörðun sína, sbr. 25. gr. stjórnarsýslulaga, og taki í kjölfarið ákvörðun um að hefja málsmeðferð þar sem þeim sem kalla til eignarréttinda á svæðinu er veittur tilskilinn frestur til að lýsa réttindum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests, á undan íslenska ríkinu.

Svara er óskað eins fljótt og kostur er.

F.h. ráðherra

Tómas Brynjólfsson

Hrafn Hlynsson